

Reykjavík, 21. september 2016

Kæri félagi

BSRB hefur, ásamt öðrum heildarsamtökum opinberra starfsmanna, skrifað undir samkomulag við ríki og sveitarfélög um framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála.

Nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga varðandi samkomulagið:

- Þeir sem þegar greiða í A-deildir lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, LSR eða Brú, munu ekki finna fyrir neinni breytingu. Öll þeirra réttindi eru tryggð með samkomulaginu.
- Þeir sem byrja að greiða í fyrsta skipti í sjóðina eftir 1. janúar munu ganga inn í nýtt lífeyriskerfi þar sem ávinnsla verður aldurstengd, eins og verið hefur á almenna markaðinum í um áratug.
- Lífeyrisaldur opinberra starfsmanna hækkar úr 65 árum í 67. Þeir sem þegar greiða í sjóðina geta eftir sem áður hætt störfum 65 ára án þess að réttindin skerðist. Þeir geta líka valið að vinna til 67 ára aldurs og bæta með því lífeyrisréttindi sín.
- Ríki og sveitarfélög hafa skuldbundið sig til að til að leiðréttta launamun á milli opinbera markaðarins og hins almenna. Sú vinna á að taka að hámarki 10 ár.

Vinna við heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu hefur verið í gangi frá árinu 2009 þegar aðilar á vinnumarkaði og stjórnvöld gerðu stöðugleikasáttmála. Það er afar mikilvægt að nú hafi náðst samkomulag um nýtt lífeyriskerfi fyrir allt launafólk á Íslandi. Það er hluti af því markmiði að ná sátt á vinnumarkaði og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

Markmið BSRB og annarra heildarsamtaka opinberra starfsmanna var frá upphafi að tryggja óbreytt réttindi allra sem þegar greiða í opinbera lífeyrissjóði, en einnig að gæta að réttindum framtíðarfélaga í sjóðunum.

Öll þau markmið sem lagt var upp með við upphaf viðræðna náðust fram í viðræðum við ríki og sveitarfélög. Að engu var anað í viðræðunum og áherslan alltaf sú sama, að gæta hagsmuna okkar félagsmanna í hvívetna.

Frá upphafi hefur verið fjallað um málið á lýðræðislegan hátt innan BSRB. Formenn allra aðildarfélaga bandalagsins samþykktu formlega árið 2010 að leggja af stað í þessa vegferð. Fjallað hefur verið á tveimur þingum bandalagsins, auk þess sem málið hefur verið reifað á fundum formannaráðs og stjórnar reglulega. Alltaf hefur niðurstaðan verið sú sama. Forystu BSRB hefur verið falið að halda viðræðum áfram á þeim grunni sem lagt var upp með.

Formannaráð BSRB, sem er æðsta vald þess milli þinga, fjallaði um málið á fundi ráðsins sem fór fram í Reykjanesbæ í byrjun september. Þar var farið ítarlega yfir niðurstöðu í samningaviðræðum opinberra starfsmanna við ríki og sveitarfélög. Formannaráðið samþykkti að fela forystu BSRB að skrifa undir samkomulagið og var það gert síðastliðinn mánudag.

Vinnunni er ekki lokið þó samkomulagið hafi verið undirritað. Ríki og sveitarfélög hafa skuldbundið sig til að meta heildstætt launamun á opinberum markaði og hinum almenna. Þá hafa viðsemjendur okkar skuldbundið sig til að verja þeim fjármunum sem þarf til að launamuni milli markaða verði útrýmt á næstu tíu árum. BSRB mun fylgja þessari vinnu vel eftir og tryggja að leiðrétti á launum opinberra starfsmanna nái fram að ganga.

Nánar er fjallað um samkomulagið á vef BSRB, www.bsrbi.is og verður frekara kynningarefni útbúið á næstu dögum og vikum. Við hvetjum við þig til að kynna þér málið.

Með kveðju,



Elín Björg Jónsdóttir
Formaður BSRB